



Til:  
Efni:  
Upplýsingar:

gunnlaugur@hornafjordur.is  
Fw: Auglýsing á aðalskipulagsbreytingu á deiliskipulagi Jökulsárlóns á Breiðamerkursandi  
Sent: 04-06-2019 09:19:54 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019050008, Bréfalyklar: 42-0  
almennt

Tilvísun í mál: 2019050008

Vísað er til bréfs frá sveitarfélaginu Hornafjörður, dags. 30. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu og verkefnis- og matslýsingu vegna vinnu við aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulag fyrir Jökulsárlón á Breiðamerkursandi.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreindar lýsingar og telur að í þeim komi fram það sem þarf að fjalla um í áframhaldandi skipulagsvinnu.

Vegna frekari vinnslu við framangreint vill Náttúrufræðistofnun benda á eftirfarandi gögn sem geta komið að notum: Fjölrit nr. 54, Vistgerðir á Íslandi, [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_54.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf) og <http://ni.is/grodur/vistgerdir> sjá jafnframt kortasjá <http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort>, og Fjölrit nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, <http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi> og [http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_55.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf). Jafnframt er bent á að stofnunin hefur nýlega lagt til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, að vernda skuli ákveðin svæði á landinu og að þau verði sett á framkvæmdaáætlun eða B-hluta náttúruinjaskrár í samræmi við lög nr. 60/2013. Öll svæðin má sjá hér: <http://ni.is/midlun/naturuminjaskra> en einnig má skoða tillögurnar í kortasjá, <https://naturuminjaskra.ni.is/>. Á það skal bent að tillögur Náttúrufræðistofnunar til ráðherra eiga eftir að fara í formlegt ferli í samræmi við 36. grein fyrrgreindra laga. Á þessari stundu segja tillögurnar því ekkert um hvort ákveðið skipulag/starfsemi falli að verndartillögu eða ekki eða hvort tillaga nái fram að ganga. Nái tillögurnar fram að ganga á einnig eftir að fjalla um skilamála sem varða verndina. Það skal því ítrekað að hér er um faglegt álit Náttúrufræðistofnunar að ræða sem eftir á vinna úr í samræmi við lög um náttúruvernd. <http://ni.is/midlun/naturuminjaskra> Einnig má sjá upplýsingar um 61. gr. náttúruverndarlaga hér: <http://www.ni.is/fretir/2018/07/naturufyrirbaeri-sem-njota-serstakrar-verndar-i-kortasja>

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruinja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig hún samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif þeirra m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Almennt leggur Náttúrufræðistofnun áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggja á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúruvar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna. Þar sem umrætt svæði er innan Vatnajökulsþjóðgarðs þarf að sýna sérstaka aðgætni eins og kemur vel fram í framangreindum lýsingum.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is



## Bréf

---

### **Auglýsing á aðalskipulagsbreytingu á deiliskipulagi Jökulsárlóns á Breiðamerkursandi**

Málsnúmer: 2019050008

Númer skjals:

Skráð: 8. maí 2019

Eigandi skjals: Trausti Baldursson

#### **Auðkenni**

Efnisflokkur skjals:

Dagsetning skjals:

Staðsetning skjals:

Fyrirtæki: Sveitarfélagið Hornafjörður

Nafn: Gunnlaugur Róbertsson

#### **Vinnsla**

Staða: Í vinnslu

Geymslustaður skjals:

Auglýsing á aðalskipulagsbreytingu á deiliskipulagi Jökulsárlóns á Breiðamerkursandi

#### Viðhengi:

[attachment "Auglýsing á aðalskipulagsbreytingu á deiliskipulagi Jökulsárlóns á Breiðamerkursandi.tif" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS]